



Mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík, 3. febrúar 2024

Vísað er til bréfs umboðsmanns barna til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 2024. Með bréfinu lýsti embættið yfir þungum áhyggjum af þeim aðkallandi vanda og úrræðaleyssi sem ríkir innan meðferðarkerfisins. Bent var á að Barna- og fjölskyldustofa hafi á undanförunum árum fækkað eigin meðferðarúrræðum og að þjónusta þeirra hafi verið skert, m.a. með lokun meðferðarheimila. Þá hafi meðferðardeild Stuðla einnig lokað yfir sumartímann þrátt fyrir aðkallandi þörf, sem embættið gerði athugasemdir við síðastliðið sumar. Embættið benti einnig á að áform, sem ítrekað hafa komið fram í stefnum stjórnsvalda frá árinu 2012 um stofnun nýs meðferðarheimilis, hafi ekki gengið eftir. Að mati umboðsmanns hefur þessi þróun leitt til þess að þau meðferðarúrræði sem ríkið ber ábyrgð á að séu tiltæk skv. 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 standa ekki undir hlutiverki sínu. Meðferðarkerfið sé því ófært um að sinna þeirri þjónustupörf sem því er ætlað að sinna í þágu þessa viðkvæma hóps barna.

Þá rakti umboðsmaður einnig að ekkert meðferðarúrræði væri nú til staðar fyrir drengi á Íslandi, þar sem sú hefðbundna meðferðardeild sem áður var rekin á Stuðlum væri ekki starfrækt í dag í þeirri mynd sem áður var, og að meðferðarheimilinu að Lækjarbakka hafi verið lokað. Þá hafi nýtt úrræði í Skálatúni, Blönduhlíð, ekki enn verið opnað, en einnig hafi ekki verið gert ráð fyrir að það meðferðarheimili gæti sinnt þjónustupörf allra barna sem á þurfa að halda. Í bréfi umboðsmanns kemur jafnframt fram að eftir bruna á Stuðlum í október sl. hafi starfsemi Stuðla verið verulega skert og fangageymsla lögreglustöðvarinnar í Flatahraunin tekin til notkunar til þess að taka á móti börnum í neyðarvistun. Umboðsmaður rakti það mat sitt að aðstaðan í Flatahrauni væri með öllu óviðunandi sem vistunarstaður fyrir börn.

Umboðsmaður benti á að sú alvarlega staða sem við blasir í málaflokknum kalli á tafarlaus viðbrögð ráðuneytisins og vísaði til þeirra skyldna sem á íslenska ríkinu hvíla samkvæmt Barnasáttmálanum, sbr. lög nr. 19/2013, þá einkum rétt barna til lífs og þroska skv. 6. gr. Barnasáttmálans. Að mati embættisins sé réttur þessa hóps barna ekki að fullu virtur vegna laskaðrar stöðu meðferðarkerfisins. Óskaði umboðsmaður þess að fá upplýsingar um afstöðu ráðuneytisins vegna þeirrar stöðu sem lýst hefði verið og með hvaða hætti ráðuneytið hygðist bregðast við því neyðarástandi sem skapast hafi í málaflokknum, með hliðsjón af skyldum ríkisins skv. Barnasáttmálanum. Þá óskaði umboðsmaður einnig eftir upplýsingum um það hver framtíðarsýn ráðuneytisins væri varðandi meðferðarkerfið á Íslandi og hvernig skipulag og uppbygging þess gæti tryggt að hægt sé að bregðast við ófyrirsjáanlegum atvikum án þess að skerða eða afnema þurfi þjónustu við börn sem á þurfa að halda.

Svar ráðuneytisins barst þann 9. desember sl. Þar kemur fram að ráðuneytið telji vissulega að bæta þurfi fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda og að ráðuneytið hafi beitt sér ötullega í þeim efnum. Hins vegar fari ráðuneytið ekki með fjárveitingarvald og því hafi úrbætur ekki verið eins og lagt hafi verið upp með. Ráðuneytinu þótti mikilvægt að koma á framfæri skýringum og leiðréttingum vegna þeirra staðhæfinga sem fram komu í bréfi umboðsmanns. Þá kveðst ráðuneytið ekki geta tekið undir með umboðsmanni að meðferðarþjónusta Barna- og fjölskyldustofu sé ekki fullnægjandi eða aðgengileg. Enn fremur taki ráðuneytið ekki undir það að þau meðferðarúrræði sem ríkið ber ábyrgð á standi ekki undir hlutverki sínu, né að meðferðarkerfið sé ófært um að sinna þeirri þjónustuþörf sem því er ætlað að sinna. Að mati ráðuneytisins sé óskýrt af erindi umboðsmanns hvað átt sé við með að réttur viðkvæms hóps barna sé ekki virtur að fullu samkvæmt Barnasáttmálanum en óski umboðsmaður eftir viðbrögðum hvað þann þátt erindisins varðar er óskað nánari skýringa frá umboðsmanni þar um.

Ráðuneytið vísar til þess að vegna óviðráðanlegra aðstæðna hafi Barna- og fjölskyldustofa neyðst til þess að loka tímabundið úrræðum og að skert þjónusta hafi verið á Stuðlum vegna bruna sem varð þar í október, líkt og umboðsmaður vísaði sjálfur til í bréfi sínu. Ráðuneytið leitast einnig við að leiðrétta þá staðhæfingu að ekki sé til staðar meðferðarúrræði fyrir drengi eins og sakir standa. Þá fullyrði ráðuneytið enn fremur að meðferðardeild Stuðla hafi ekki lokað síðastliðið sumar líkt og til stóð, og að börn hafi verið í vistun á meðferðarheimilinu í allt sumar. Þá vísaði ráðuneytið til þess að til stæði að Lækjarbakki myndi hefja starfsemi í Gunnarsholti að loknum nauðsynlegum framkvæmdum og að meðferðarheimilið Blönduhlíð myndi hefja starfsemi sína í þeim mánuði er bréfið er ritað, þ.e.a.s. í desember. Meðferðarheimilið Blönduhlíð hefur þó enn ekki hafið starfsemi.

Þá tekur ráðuneytið jafnframt fram að ábyrgð á þjónustu við börn með fjölþættan vanda hvíli einnig á herðum sveitarfélaga og að ábyrgðin skiptist að öðru leyti milli málefnasviðs mennta- og barnamálaráðuneytisins, félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins.

Hvað varðar framtíðarsýn ráðuneytisins er áhersla á það lögð að nýtt séu önnur úrræði en vistun barna á meðferðarheimilum og einnig vísar ráðuneytið til þess sem fram kemur í framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar fyrir árin 2023-2027 og að það verði verkefni nýs ráðherra barnaverndar að móta áfram stefnu í málaflokknum. Þá tekur ráðuneytið fram að það telji ekki unnt að skipuleggja meðferðarkerfi sem tryggir í öllum aðstæðum að hægt sé að bregðast við ófyrirsjáanlegum atvikum án þess að þjónustu sé raskað. Aftur á móti sé unnið að því að lágmarka áhrif þeirra. Ráðuneytið tekur að lokum fram að það telji sér ekki unnt að lýsa afstöðu sinni til alls þess sem fram kemur í erindi umboðsmanns.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið lýsir umboðsmaður barna yfir vonbrigðum með svar ráðuneytisins. Umboðsmaður hefur á síðustu vikum og mánuðum verið í reglulegum samskiptum við bæði barnaverndarþjónustur og foreldra barna sem þurfa á meðferðarþjónustu að halda. Er þar samhljómur um það úrræðaleysi sem við blasir og lýsa bæði foreldrar og barnaverndarstarfsmenn miklu vonleysi. Upplifun þeirra er sú að ekki fáið svör frá Barna- og fjölskyldustofu og loforð um þjónustu séu sífellt svikin. Foreldrar upplifa að þeim sé sýnd vanvirðing og skeytingarleysi. Þá hefur einnig formleg opnun Blönduhlíðar í lok nóvember sl. vakið upp hörð viðbrögð meðal foreldra, sem og innan kerfisins alls, enda hefur úrræðið enn ekki tekið til starfa. Starfsmenn barnaverndar lýsa sama úrræðaleysi og fá nú þau svör að

jafnvel þó tiltekin börn séu í bráðri hættu og þurfi nauðsynlega á meðferðarúrræði að halda, sé slíkt úrræði því miður ekki til staðar.

Þá vill umboðsmaður jafnframt benda á að sumarlokun Stuðla hefur verið opinberlega staðfest og hefur embættið einnig fengið beinar upplýsingar um það að lokunin átti sér stað, bæði frá forstjóra Barna- og fjölskyldustofu og foreldrum barna. Embættið er meðvitað um það að neyðarvistun Stuðla var ekki lokað yfir sumartímamann og að einhver börn hafi því dvalið á Stuðlum þessar fjórar vikur sem lokunin náði til. Hins vegar er ljóst að lokuninni var haldið til streitu hvað varðar meðferðardeildina. Einnig er ljóst að meðferðardeild Stuðla hefur ekki verið starfrækt í þeirri mynd sem áður var, þ.e.a.s. fyrir brunann á Stuðlum. Frá þeim tíma hefur ekkert hefðbundið meðferðarúrræði verið í boði þar sem þjónustu meðferðardeildar Stuðla var breytt í úrræði fyrir þyngri mál. Hafa börn sem áður voru í meðferð á Stuðlum þurft frá að hverfa eftir þá breytingu og ekkert annað úrræði tekið við. Þetta hefur einnig verið staðfest bæði í samtölum við stjórnendur Barna- og fjölskyldustofu og foreldra, sem og að fjallað hefur verið um stöðu meðferðardeildarinnar opinberlega í fjölmiðlum.

Umboðsmaður barna telur sig geta fullyrt, út frá öllum þeim upplýsingum sem embættinu hefur borist, að hér á landi sé talsverður fjöldi barna sem ekki fær lífsnauðsynlega meðferðarþjónustu og nýtur þar með ekki réttinda sinna samkvæmt Barnasáttmálanum. Úr því þarf að bæta tafarlaust. Þá harmar umboðsmaður jafnframt að ráðuneytið hafi ekki séð ástæðu til þess að ávarpa það sem fram kom í bréfi umboðsmanns varðandi neyðarvistun barna á lögreglustöðinni á Flatahrauni, en þar eru aðstæður með öllu óviðunandi. Umboðsmaður hefur fengið upplýsingar um að úrræðið hafi verið í töluverðri notkun og að þar hafi dvalið 13-14 ára börn í allt að tvo sólarhringa.

Ljóst er að mennta- og barnamálaráðuneytið ber fulla ábyrgð á því að til staðar séu þau meðferðarúrræði sem fjallað hefur verið um skv. 79. gr. barnaverndarlaga, óháð ábyrgð annarra stjórnvalda hvað varðar þjónustu við þennan hóp barna. Að mati umboðsmanns hafa stjórnvöld brugðist skyldum sínum að þessu leyti og geta áhrif þess haft alvarlegar og óafturkræfar afleiðingar fyrir líf og heilsu tiltekins hóps barna.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna